

**622. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 14. nóvember 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 622 lögmætan.

Í upphafi fundar gerði færði sveitarstjórn til bókar eftirfarandi kveðju til Grindvíkinga:

Hugur okkar Tálknfirðinga er hjá Grindvíkingum sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín og upplifa miklar hamfarir. Við sendum þeim okkar hlýjustu kveðjur og samhug. Það er einlæg von okkar, eins og landsmanna allra, að þessar náttúruhamfarir fái farsælan endi og að íbúar Grindavíkur geti snúið aftur til síns heima hratt og örugglega.

Ljóst er að framundan er langt og strangt verkefni og því mikilvægt að taka höndum saman og reyna eftir fremsta megni að veita aðstoð. Við viljum því hvetja öll þau sem mögulega geta boðið húsnæði að skrá það hjá Rauða krossinum.

Þeir íbúar Grindavíkur sem leita skjóls á Tálknafirði á meðan þetta hamfaraástand varir munu hafa sama aðgang að þjónustu og þau sem hafa lögheimili í Tálknafjarðarhreppi.

Dagskrá:

1. Niðurstöður íbúakosninga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046

Niðurstöður íbúakosninga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar lagðar fram. Niðurstöður í sveitarfélögnum tveimur er eftirfarandi:

Tálknafjarðarhreppur:

- * 201 á kjörskrá
- * 145 greidd atkvæði - 72,14% kjörsókn
- * 139 sögðu já, 95,86%
- * 5 sögðu nei 3,45%
- * 1 auður 0,69%
- * 0 ógildir, 0,00%

Sameining samþykkt

Vesturbyggð
* 804 á kjörskrá
* 442 greidd atkvæði ? 54,98% kjörsókn
* 364 sögðu já, 82,35%
* 73 sögðu nei, 16,52%
* 4 auðir, 0,90%
* 1 ógildur 0,23
Sameining samþykkt

Jafnframt er lögð fram til afgreiðslu tillaga Samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar til sveitarstjórna sveitarfélaganna um að kjósa þrjá fulltrúa í undirbúningsstjórn en verkefni undirbúningsstjórnar er að undirbúa formlega sameiningu sveitarfélaganna, þ.á.m. fyrirkomulag kosninga til sveitarstjórnar og gildistöku sameiningar. Til að tryggja samfellu í verkefninu leggur samstarfsnefndin til að sömu fulltrúar taki sæti í undirbúningsnefnd og voru í samstarfsnefnd.

Mál frá 13. fundi Samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 30.10.2023.

Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum tillögu Samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um að sömu fulltrúar taki sæti í undirbúningsstjórn vegna sameiningar sveitarfélaganna tveggja og sátu í samstarfsnefnd. Fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í undirbúningsstjórninni eru því:

*Lilja Magnúsdóttir
Jóhann Örn Hreiðarsson
Jenny Lára Magnadóttir*

JIJ situr hjá við afgreiðslu málsins.

2. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Viðauki nr. 1 vegna fjárhagsáætlunar 2023-2027 lagður fram

Viðauki nr. 1 er samþykktur með 4 atkvæðum.

JIJ situr hjá.

JIJ gerir eftirfarandi bókun:

Ég tel að þessi viðauki segi aðeins hálfu söguna og staðan sé verri en hann gefur til kynna.

3. Svæðisskipulag vestfirskra sveitarfélaga - 2311044

Minnisblað frá Vestfjarðastofu dags. 10.11.2023 vegna fjárhagsáætlunar 2024 og þriggja ára fjárhagsáætlunar varðandi mat á kostnaði og beiðni um fjárhagslegan stuðning við gerð svæðisskipulags vestfirskra sveitarfélaga.

Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa beiðni um fjárhagslegan stuðning við gerð svæðisskipulags vestfirskra sveitarfélaga til gerðar fjárhagsáætlunar.

JÖH situr hjá við afgreiðslu málsins. JIJ greiðir atkvæði á móti.

4. Rekstur tjaldsvæðis - 2311028

Erindi frá Kristni Marinóssyni dags. 02.11.2023 þar sem lýst er yfir áhuga á framhaldandi samstarfi um rekstur Tjaldsvæðis Tálknafjarðar.

Samþykkt samhljóða að sveitarstjóra verði falið að semja við Kristín Marinósson um rekstur tjaldsvæðis til fimm ára á grundvelli núverandi samnings. Samningurinn verði lagður fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Sveitarstjórn þakkar Kristni fyrir gott starf og fyrirmyndar þjónustu á tjaldsvæði Tálknafjarðar á árinu 2023.

5. Menntastefna Vestfjarða - 2208078

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 13.10.2023 þar sem drög að menntastefnu Vestfjarða eru send sveitarfélögum til umfjöllunar.

Mál frá 14. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 08.11.2023, sem gerði eftirfarandi bókun vegna málsins:

Fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps fagnar fram komnum drögum að menntastefnu Vestfjarða. Í því sambandi vill nefndin sérstaklega nefna þá áherslu sem er á iðn- og verknám, áhersluna sem er á samastarf á milli skólastofnanna og á milli skólastiga og að skýrt komi fram að lögð er áhersla á að styðja við fjölmenningsfélög á Vestfjörðum. Þá telur nefndin sérstaklega ánægjulegt að sjá að horft er til samstarfs atvinnulífs og skólasamfélagsins.

Lagt fram.

Sveitarstjórn tekur undir bókun fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps varðandi drög að menntastefnu Vestfjarða og fagnar sérstaklega samstarfi við fyrirtæki, eflingu á iðnnámi og auknu samstarfi á milli skóla á Vestfjörðum.

6. Púkinn 2024 - tilnefningar sveitarfélaga og ungmennaráða í stýrihóp - 2311017

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 31.10.2023 varðandi barnamenningshátíðina Púkann árið 2024. Öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum er boðið að skipa fulltrúa í stýrihóp vegna hátíðarinnar og að auki einn fulltrúa úr ungmennaráði. Jafnframt liggur fyrir tillaga fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að Tálknafjarðarhreppur skipi fulltrúa í stýrihóp barnamenningshátíðarinnar Púkans 2024. Þá telur nefndin rétt að nemendaráð Tálknafjarðarskóla velji fulltrúa ungmenna frá Tálknafirði til að taka þátt í undirbúningi hátíðarinnar.

Mál frá 14. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 08.11.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Jenný Lára Magnadóttir verði fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í stýrihópi vegna barnamenningshátíðarinnar Púkans 2024 og jafnframt að nemendaráð Tálknafjarðarskóla velji fulltrúa ungmenna frá Tálknafirði til að taka þátt í undirbúningi hátíðarinnar.

7. Fræðslunefnd - 13 - 2310005F

Fundargerð 13. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.10.2023.

Fundargerðin er staðfest.

7.1 2310138 - Opnunartími leikskóla

7.2 2208078 - Menntastefna Vestfjarða

7.3 2309037 - Áheyrnarfulltrúi nemendaráðs í fræðslunefnd

7.4 2310127 - Reynslunni ríkari - málþing um skólamál 30. október

- 7.5 2310060 - Frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál.
- 7.6 2309035 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024

8. Fræðslunefnd - 14 - 2311001F

Fundargerð 14. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 08.11.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 8.1 2207004 - Varaformaður fræðslunefndar
- 8.2 2310138 - Opnunartími leikskóla
- 8.3 2208078 - Menntastefna Vestfjarða
- 8.4 2311017 - Púkinn 2024 - tilnefningar sveitarfélaga og ungmennaráða í stýrihóp
- 8.5 2305137 - Úthlutun úr Námsgagnasjóði grunnskóla 2023
- 8.6 2310149 - Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði
- 8.7 2310166 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, 47. mál
- 8.8 2309035 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024

9. Atvinnu- og hafnarnefnd - 45 - 2310006F

Fundargerð 45. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 08.11.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 9.1 2309040 - Gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2024
- 9.2 2308091 - Fjárhagsáætlun 2024-2027
- 9.3 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023

10. Framlenging á starfsleyfi Arnarlax ehf. Gileyri - 2311031

Erindi frá Umhverfisstofnun dags. 06.11.2023 þar sem vakin er athygli á því að stofnunin hefur auglýst fyrirhugaða framlengingu á starfsleyfi Arnarlax ehf., Gileyri sem gildir til 02.12.2024.

Lagt fram.

11. Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 - 2028, 315. mál. - 2310092

Umsögn Tálknafjarðarhrepps dags. 26.10.2023 um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 - 2028.

Lagt fram.

12. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Dynjanda - 2311039

Erindi frá Umhverfisstofnun dags. 09.11.2023 þar sem upplýst er um að vinna sé hafin við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda.

Lagt fram.

13. Til samráðs Uppbygging og umgjörð lagareldis, stefna til ársins 2040 - 2310021

Sameiginleg umsögn Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um stefnu um uppbyggingu og umgjörð lagareldis til ársins 2040 dags. 04.11.2023.

Lagt fram.

14. Íbúafundur vegna aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031 - 1809041

Auglýsing um íbúafund vegna aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031 sem fer fram miðvikudaginn 15.11.2023.

Lagt fram.

15. Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks - 2311048

Erindi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu dags. 10.11.2023 þar sem vakin er athygli á því að grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks hefur verið birt í samráðsgátt stjórnvalda á island.is. Grænbók er hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda en nú er unnið að fyrstu heildarstefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks hér á landi.

Lagt fram.

16. Hamingjuóskir vegna sameiningar - 2311013

Erindi frá sýslumanninum á Vestfjörðum dags. 30.10.2023 þar sem komið er á framfæri hamingjuóskum til sveitarstjórna og íbúa Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar með afgerandi niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Jafnframt er íbúum sveitarfélaganna óskað velfarnaðar í framtíðinni undir merkjum hins sameiginlega sveitarfélags.

Lagt fram.

Sveitarstjórn þakkar góðar kveðjur frá sýslumanni.

17. Vatnsveita Tálknafjarðarhrepps - 2311051

Á fundinum verður lagt fram minnisblað vegna þrýstingsfalls sem varð á vatnsveitu Tálknafjarðarhrepps í október 2023.

Lagt fram.

18. Dómur vegna innheimtu aflagjalda - 2311050

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða dags. 09.11.2023 í máli Vesturbyggðar gegn Arnarlaxi ehf. vegna innheimtu aflagjalda.

Lagt fram.

19. Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046

622. fundur
16.11.2023

Fundargerð 13. fundar samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhepps og Vesturbyggðar sem fór fram 30.10.2023.

Lagt fram.

20. Fundargerðir velferðarráðs 2020-2022 - 2006296

Fundargerð 42. fundar velferðarráðs sem fór fram 10.11.2022.

Lagt fram.

21. Fundargerðir Velferðarráðs 2023 - 2301047

Fundargerð 48. fundar velferðarráðs sem fór fram 14.09.2023.

Lagt fram.

22. Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301063

Fundargerðir stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 935 sem fór fram 16.10.2023 og nr. 936 sem fór fram 27.10.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:55.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)